

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Hvammsskógar í landi Hvamms, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 1. febrúar 2002 samþykkt deiliskipulag Hvammsskógar í landi Hvamms, Skorradalshreppi.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem liggur með Skorradalsvatni og er 17,5 ha að stærð og gerir ráð fyrir 23 frístundahúsalóðum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Grund, 4. mars 2002.*

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

**Davíð Pétursson** oddviti.